



**Ella Vala Ármannsdóttir** er fædd í Svarfaðardal árið 1980. Árin 1997-2003 stundaði hún nám við Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu Joseph Ognibene. Lauk hún þaðan blásarakennara- og einleikaraprófi . Árin 2003-2006 hélt Ella Vala áfram námi við Musikhochschule Freiburg im Breisgau. Nýlega lauk hún framhaldsnámi í Schola Cantorum Basiliensis í Basel, Sviss við náttúru-hornleik hjá Professor Thomas Müller. Ella Vala er stofnmeðlimur kammer-sveitarinnar Ísafoldar, er lausráðin hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og leikur reglulega m.a. með Hljómsveit íslensku Óperunnar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Á náttúruhornið spilar Ella Vala vítt og breytt um Evrópu með Schola secunda Practica, Capriccio Basel, Ensemble Pygmalion og Solistenensemble Kaleidoskop.

Ella Vala hefur til viðbótar við tónleikahald, kennt á horn síðustu ár í Þýskalandi og Sviss, og er nú fastráðin sem málmblasturskennari við Tónlistarskólann á Akureyri.